



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 03.05.2019

Tilv.: 1904015

### **Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta.**

#### **1.**

Samkeppniseftirlitið visar til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis þann 2. maí 2019 þar sem eftirlitinu var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um rástafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að markmið frumvarpsins sé að stuðla að og hvetja til hagkvæmari uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta með því að auðvelda sameiginlega nýtingu á núverandi efnislegum grunnvirkjum og með því að hvetja til skilvirkari uppbyggingar á nýjum efnislegum grunnvirkjum þannig að útbreiðsla slíkra neta sé möguleg með lægri kostnaði. Til að auðvelda framangreint er lagt til í framvarpinu ákvæði um gagnsæi í 3. gr. frumvarpsins hvað varðar upplýsingar um aðgang að fyrirliggjandi efnislegum grunnvirkjum eða yfirstandandi eða áætluðum framkvæmdum sem tengjast þeim.

Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um aðgang að fyrirliggjandi efnislegu grunnvirki. Í 2. mgr. 7. gr. segir eftirfarandi: „*Að fenginni skriflegri beiðni er rekstraraðilum neta skylt að verða við öllum réttmætum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að efnislegu grunnvirki sínu, enda séu skilmálar, þ.m.t. verð, sanngjarnir og eðlilegir.*”

Í 13. gr. frumvarpsins segir að um sé að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/61/ESB, frá 15. maí 2014, um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum sem vísað er til í tl. 5c zn í XI. viðauka við EES-samninginn, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2018, frá 6. júlí 2018, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XI. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins.

#### **2.**




Samkeppniseftirlitið vill áréttta áherslur um samkeppni sem fram koma í tilskipun nr. 2010/61/ESB sem frumvarpið byggir á. Er þar sérstaklega vísað til 9. tl. í formálsorðum tilskipunarinnar þar sem markmið um hagkvæmni má ekki koma niður á virkri innviðasamkeppni við uppbyggingu fjarskiptavirkja. Lýsir það sér m.a. í því að svartur ljósleiðari fellur ekki undir efnislegt grunnvirki, sbr. 2. tl. 2. gr. tilskipunarinnar sem og 1. tl. 2. gr. frumvarpsins. Er Samkeppniseftirlitið sammála þeim skilningi því að öðrum kosti myndi skylda um aðgang að þessu leyti draga úr uppbyggingu fjarskiptavirkja hjá minni fjarskiptafélögum og raska samkeppni með alvarlegum hætti. Vill Samkeppniseftirlitið benda á að eftirlitið hefur m.a. orðið við beiðni Mílu ehf. og Gagnaveitur Reykjavíkur ehf. um samstarf við lagningu ljósleiðara í þeim tilgangi að lágmarka kostnað við framkvæmdir sem henni fylgir, sbr. ákvörðun nr. 11/2018, *Beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Mílu ehf. um undanþágu frá samkeppnislögum fyrir lagningu ljósleiðara*. Var samstarfið heimilað á grundvelli 15. gr. samkeppnislega með þeim skilyrðum að það;

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
- d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Samkeppniseftirlitið vill að auki áréttta að fjarskiptilskipanir ESB frá 2002 ganga framur ákvæði þessarar tilskipunar sem frumvarpið byggir á, sbr. 12. mgr. formálsorða hennar. Verður því að líta svo á að 7. gr. frumvarpsins miði sem fyrr að aðgangskvöðum fyrirtækja sem búa við markaðsráðandi stöðu (umtalsverðan markaðsstyrk) líkt og Póst- og fjarskiptastofnun hefur útnefnt samkvæmt fjarskiptalögum.

Að öllu framansögðu styður Samkeppniseftirlitið að frumvarpið verði að óbreyttu að lögum.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið



Birgir Óli Einarsson